

Nafn námskeiðs: **Skoðað í skóginum**

Staðsetning: Einarslundur í útistofunni í Heiðmörk

Tengt: Íslenska, Málrækt, Náttúra og umhverfi, Náttúrufræði

Nánari lýsing:

Skoðað í skóginum

Viðfangsefni: Skógarskoðun.

Aldur: Leikskóli og yngsta stig.

Árstími: Allir.

Tími: 2 kennslustundir.

Kennslugögn: Viskastykki til að breiða yfir hlutina.

Stutt lýsing: Nemendur leita hluta í skóginum. Leikurinn er gerður til að auka meðvitund nemenda fyrir því sem er til staðar í umhverfinu.

Kennslugögn: Upplýsingabæklingur, flauta, 2 viskastykki.

Framkvæmd:

Kveikja: Kennari finnur 5-7 hluti sem eru einkennandi fyrir svæðið: barrnál, köngul, trjágrein, stein, ákveðna gerð af plöntu o.s.frv. Hlutirnir eru lagðir á viskastykkið og eru huldir með hinu stykkinu. Nemendur eru beðnir um að giska á hvað sé undir viskastykkinu.

Á vettvangi: Nemendur fá fyrirmæli um að stilla sér í kring um stykkið og kennarinn flettir stykkinu af einum hlut í um það bil 10 sek. (Fjöldi hluta og tíma er hagað að aldri barnanna). Eftir þessar 10 sekúndur er stykkið lagt yfir hlutinn aftur og nemendur eiga að finna samsvarandi hlut í umhverfinu. Miðað er við ½ mínútu á hlut. Leikurinn er endurtekinn þar til allir hlutir hafa verið sviptir hulunni. Kennari getur stjórnað leitartímanum með því að taka tímann og nota flautu.

Úrvinnsla og ígrundun: Í lok getur kennari spurt nemendur hvað þeim finnst einkennandi fyrir svæðið t.d.

Hvaða hlutir eru áberandi á svæðinu? Hvaða hlutir eru í minnihluta?